

## Skólaráðsfundur 12. mars 2012

Fundinn sátu:

Óskar Björnsson, Ólöf Arna Pétursdóttir, Steinunn Valdís Jónsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Alfreð Guðmundsson, Arnfríður Arnardóttir og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Skólanámskrá Árskóla
2. Byggingamál skólans
3. Skóladagatal 2012-2013

1. Umræða um nýja skólanámskrá sem fulltrúar skólaráðs hafa haft til skoðunar undanfarið. Engar athugasemdir við skólanámskrána komu fram á fundinum.
2. Umræða um byggingamál skólans, en samþykkt sveitarstjórnar um byggingu 1. áfanga viðbyggingar við skólann liggur fyrir og áætlað er að framkvæmdir hefjist strax í vor.
3. Drög að skóladagatali 2012 - 2013 kynnt, en þar er gert ráð fyrir að skólastarf hefjist 22. ágúst og skólaslit verði 31. maí. Skóladagatalið þarf að samræma við aðra grunnskóla og leikskóla í Skagafirði, auk þess sem það er kynnt skólaráði, starfsmönnum og fræðslunefnd. Í þessu kynningarferli getur það átt eftir að taka einhverjum breytingum.

Næsti fundur skólaráðs er fyrirhugaður fimmtudaginn 12. apríl kl. 15:30.